

## Viltu vinna Sjónvarp + Blu-Ray spilara?

Þú sendir SMS skeytið **ESL B10** á númerið **1900**. Þú færð spurningu og svarar með því að senda SMS skeytið **ESLA, B** eða **C** á númerið **1900**. Þú gætir unnið!

### Aðalvinningur



32" LCD TV + Blu-Ray

### Aukavinningar

6os



### DVD myndir



### Tölvuleikir



### Guitar Hero Kit



### Tónlist.is gjafabréf



9. HVER  
VINNUR!

## DVD markaður Elko er hafinn!

\*Aðalvinningar dregnir úr öllum innsendum skeytum 14. mars. Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr./SMS-ið. Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu. Leik lýkur 13. mars 2011

**ELKO**  
EINFALDEGA LÆGRA VERÐ

## Sagan bak við tjöldin

Myndlist ★★★★★

### Sýning sýninganna

Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir. Sýningarstjóri: Laufey Helga-dóttir

Ísland hefur tekið þátt í Feneyjvatvíæringnum með gloppum síðan 1960. Á Kjarvalsstöðum má nú skoða listaverkin sem hafa verið talsmenn íslenskrar myndlistar á alþjóðavettvangi síðustu áratugi, frábært framtak hjá safninu.

Þátttakendur fram til dagsins í dag hafa verið tuttugu og tveir; nítján karlmenn og þrjár konur. Á þessu ári verða konurnar fjórar þegar þau Ólafur Ólafsson og Libía Castro verða verðugir fulltrúar okkar í Feneyjum.

Listasagan er skrifuð á margvíslegan máta. Stórsýningar á borð við Tvíæringinn eru ein af þeim skrásetningaradferðum sem má nota til að merkja kennileitin. Hér má sjá eitthvað af þeim straumum og stefnum sem sett hafa mark sitt á íslenska og alþjóðlega samtímalist eftir 1960, allt frá landslagsmyndum Svavars Guðnasonar til málverka Ragnars Kjartanssonar. Ekki er þó raunsætt að tala um íslenska listasögu í hnotskurn eins og sýningarstjórinn Laufey Helga-dóttir gerir í viðtali. Ekki þarf annað en að skoða kynjahlutföllin til þess að staðfesta það. Vissulega koma þó fram straumar og stefnur sem einkennt hafa íslenska myndlistarsögu.

Það óvænta á sýningunni er hins vegar það að hún birtir aðra sögu. Ekki söguna sem listaverkin segja, heldur söguna bak við tjöldin. Söguna um óviðunandi starfsskilyrði íslenskra myndlistarmanna í gegnum tíðina. Skilningsleysi stjórnvalda á mikilvægi þess að standa sómasamlega að kynningu íslenskrar myndlistar á alþjóðavettvangi. Hún segir af skipun í valnefndir og vali þeirra á listamönnum. Ekki að svo illa hafi endilega verið staðið að þeim



ÚR SÝNINGU SÝNINGANNA Steingrímur Eyfjörð er í hópi fulltrúa Íslands á Feneyjvatvíæringnum og setti meðal annars upp verkíð The Sheep Pen.

þætti, heldur er hann áminning um að enginn algildur sannleikur felst í valinu, ekki frekar en í skrásetningu listasögunnar. Það er sýningunni til hróss að á upplýsingum með listaverkum kemur fram hver var í valnefnd í hvert skipti. Þannig voru það t.d. ekki Íslendingar sem sendu Sigurð Guðmundsson tvisvar til Feneyja, 1976 og 1978, heldur Ítalir og Skandinavir. Svo eitthvað sé nefnt. Stundum voru margir í valnefnd, stundum bara einn. Þannig valdi Magnús Pálsson einn þá Jón Gunnar Árnason og Kristján Guðmundsson til farinnar árið 1982, og Ólafur Kvaran var einn um að velja Sigurð Árna Sigurðsson árið 1999.

Á síðustu árum hefur verið unnið að því að gera Feneyjafarana okkar betur úr garði en enn vantar upp á til þess að listamennirnir okkar standi kollegum sínum frá öðrum Evrópulöndum jafnfætis hvað það varðar. Nú er Ísland til dæmis aftur húsnæðislaust á sýningunni, en í því geta þó allt eins falist tækifæri fyrir list samtímans.

Á Kjarvalsstöðum má sjá fjölda úrvalsverka eftir frábæra listamenn sem allir hafa sett mark sitt á íslenska myndlistarsögu. Þau gera sýninguna áhugaverða og gæða

hana lífi. Þegar kemur að framlagi síðustu ára lendir safnið þó í vanda, engin leið er að setja upp innsetningu Gabriélu, hvað þá gjörning Ragnars Kjartanssonar. Framlag Íslands frá aldamótum birtist því í mýflugumynd. Eins komast staðhættir í Feneyjum illa til skila, ég hefði viljað sjá ljósmyndir af öllum verkunum á staðnum á hverjum tíma og fleira í þeim dúr. Ekki má gleyma því að Feneyjvatvíæringurinn er risastórt listapartí sem stendur í marga mánuði, eins konar uppskeruhátíð, og heimsókn á hann er mikil upplifun, en þetta kemur ekki vel fram hér. Kannski hefði verið hægt að nálgast alla þessa þætti með meira afgerandi hætti. Engu að síður mæli ég eindregið með heimsókn á sýninguna og framtakið er lofsvert.

Ragna Sigurðardóttir

**Niðurstaða:** Metnaðarfullt framtak sem heppnast þó ekki fullkomlega. Ómögulegt er í framkvæmd að sýna verk síðustu ára. Engu að síður er hér fjöldi úrvals verka sem fengur er að því að skoða. Óvænt birtist sagan bak við tjöldin, áhugaverð saga af starfsumhverfi íslenskra myndlistarmanna. Sýning sem vekur upp margar spurningar.

### Aðalfundur Hins íslenska Biblíufélags 20. mars 2011

Aðalfundur Hins íslenska biblíufélags fer fram **sunnudaginn 20. mars\* kl. 15:00** í safnaðarheimili Seljakirkju.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf, sbr. 10. gr. laga félagsins

Stjórnin

\*Ath. breyttur fundartími

Allir félagsmenn eru hvattir til að mæta.



ÁSTRÍÐUR ALDA SIGURÐARDÓTTIR



BJARNI THOR KRISTINSSON

## Schubert í Salnum

Bjarni Thor Kristinsson bassi og Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari flytja Vetrarferðina eftir Franz Schubert á Tíbráttónleikum í Salnum á laugardag.

Vetrarferðin er meðal þekktustu verka tónskáldsins, samið við ljóð Wilhelms Müller, og er talið í fremstu röð ljóðatónlistar. Ljóðaflokkurinn fjallar um sögu ungs manns, óendurgoldna ást hans og örlagaríkt ferðalag hans um vetur. Í tónverkinu er sagan túlkud af söngvara og píanóleikara. Bjarni Thor Kristinsson hefur sungið ýmis hlutverk í óperum um allan heim og kemur til með að syngja í 9. Sinfóníu Beethovens með Sinfóníuhljómsveit Íslands í maí næstkomandi.

Ástríður Alda Sigurðardóttir hefur komið víða fram á tónleikum, ýmist sem einleikari eða með öðrum tónlistarmönnum, þar á meðal á Listahátíð í Reykjavík, auk þess sem hún er meðlimur í kammerhópnum Electra Ensemble og tangósveitinni Fimm í tangó. Tónleikarnir í Salnum á laugardag hefjast klukkan 17.

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu



### Næsta listmunauppböð 7. mars

Erum að taka á móti verkum núna í Galleríi Fold við Rauðarárstíg

LISTMUNASALA  
**fold**

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 551-0400, 896-6511 (Tryggvi), 845-0450 (Jóhann)

Opíð virka daga 10-18, laugard. 11-14, sunnud. lokað  
Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is